

<b>Dags. fundar:</b> 30. maí 2012	<b>Tími:</b> 17.15	<b>Nr. fundar:</b> 23
<b>Fundarboðari:</b> Svanhvít Jóhannesdóttir.	<b>Fundarritari:</b> Steinunn Rósa Einarsdóttir	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. Alþjóðlegir dómara
2. Yfirdómaranámskeið
3. Mót framundan
4. Dómaranámskeið.

**Viðstaddir:** Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Ólafur Baldursson og Steinunn R.Einarsdóttir.  
**Boðuð forföll:** Ragnhildur Guðjónsdóttir, Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsdóttir, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir

**Dagskrá:**

1. Farið var yfir listana og lagt til að lengja þann tíma sem fólk má vera á listanum. Ástæðan er að á meðan fólk er með áhuga þá eigi það að vera inni. Auk þess eru fáir vanir dómara sem við höfum. Lagt var til að Svanhvít, Haraldur, Björn og Gunnar yrðu á næsta lista og að Gunnlaugur, Sarah og Kristín færu á lista 2014. Þegar farið var yfir virka yfirdómara þá kom í ljós að of fáir dómara hafa reynslu og þarf að gera bót á því. Lagt var til að farið væri yfir reglur og þær hertar þ.e að reynslan þurfi að vera meiri þegar farið er á þessa lista og einnig að þeir sem eru á listanum þurfi að vera mun virkari ella sé annar settur inn í hans stað. Í dag er nóg að vera yfirdómari í 3 ár og sækja um, lagt var til að lengja þetta í 5 ár. Listinn sem skipta á út 2014 er svolítið erfiður vegna of fárra dómara með reynslu. Ræða þarf við Kristínu um að fara á þann lista, hún hefur ekki sóst eftir því að fara á hann. Rætt var að Björn yrði á listanum ef Sarah tæki vel í að fara 2014. Annars yrði Kristínu boðið á listann og Björn og Sarah fari á listann 2014.
2. Réttur til að fara á yfirdómaranámskeið er of léttvægur. Til að mynda þá getur dómari farið á yfirdómaranámskeið þrátt fyrir að hafa dæmt lítið síðastliðið ár. Fara þarf yfir reglurnar og herða með tilliti til þess að dómari hafi verið verulega virkur ári áður en námskeiðið á sér stað. Dómari á ekki að geta farið á yfirdómaranámskeið vegna dugnaðar fyrir einu eða tveimur árum. Með þessu værum við að fá betri yfirdómara og meiri líkur á því að þeir verði virkir.
3. UMFI 50+ er helgina 8-10 júní, AMÍ í lok júní. Gisting verður fyrir dómara.
4. Strax á haustmánuðum þarf að negla niður hvar og hvenær dómaranámskeið eru haldin.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir:</i>
Tala við Björn og Söruh vegna alþjóðalistans	SRE	Sem fyrst

**Fundi slitið** kl: 18.20

**Næsti fundur:** þriðjudaginn 14. júní 2012 kl. 17.15.